

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um toll 77**  
**af „Roboranssens“.** 29. ágúst

Með brjefi, dagsettu 14. þ. m., hafð þjer, herra sýslumaður, skýrt frá, að umboðsmaður C. Höepfners verzlunar á Blönduósi hafi neitað að greiða toll af 48 glösum af »Roboranssens«, er flutzt hafa til verzlunarinnar 30. apríl þ. á., með því að »essens« þessi væri allsendis óáfengur og aðeins »saklaust meðal við magaveiklun«, og hafð jafnframt spurzt fyrir um það, hvort yður beri ekki að heimta toll af ofannefndum »essens«, samkvæmt 1. gr. 7 tolllaganna frá 8. nóvember 1901.

Útaf þessu er yður hjermeð tjáð, að yður ber að heimta toll af »essens« þessum, þareð enginn vafi getur verið á því, að hann heyrir undir bittertegundir þær, er ræðir um í 1. gr. 7 tollaganna, enda er það, að því er tollgreiðslu snertir, þýðingarlaust atriði, hvort bittertegundin er áfeng eða ekki.

## Auglýsing

78

30. sept.

um

### austurlenzka kóleru í Prússlandi og gula hitasótt í ríkinu Louisiana.

Samkvæmt opinberum skýrslum gjörir austurlenzk kólera til muna vart við sig í Vestur-Prússlandi um þessar mundir og gul hitasótt í ríkinu Louisiana.

Því auglýsist hjermeð, að tjeð lönd ber að skoða sem sýkt af nefndum sjúkdómum.

Ákvæðum laga nr. 34 frá 6. nóvember 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, verður því nú beitt að því er snertir:

allar hafnir í Vestur-Prússlandi og  
allir hafnir í Louisiana.

Samkvæmt 22. gr. nefndra laga er hjermeð bannað að flytja frá hinum ofangreindu sýktu höfnum brúkað lín, föt og sængurfatnað, dulur, brúkað vatt, hnökraull, pappirsafklippur, hár, húðir og ávexti.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 30. september 1905.

Í fjarveru ráðherrans

**Jón Magnússon**

settur.

---

**Guðm. Sveinbjörnsson**

aðst.